

**Ed.**

**752. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 98 9. júlí 1941, um heimild fyrir ríkisstjórnina til ráðstafana og tekjuöflunar vegna dýrtíðar og erfiðleika atvinnuveganna.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Heimildir þær, sem ríkisstjórninni voru veittar með ákvæðum 3. gr. laga nr. 98 9. júlí 1941, sbr. lög nr. 20 1944, skulu koma í gildi af nýju 1. janúar 1945 að telja og gilda til loka þess árs.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Frumvarp þetta er flutt að beiðni fjármálaráðherra, og fylgdi því eftirfarandi greinargerð:

„Með lögum nr. 98 1941 var ríkisstjórninni heimilað að fella niður til ársloka 1942 tolla af ýmsum kornvörum og að lækka sykurtoll um helming til sama tíma. Lög þessi hafa síðan verið framlengd til ársloka 1944. Ef lögin ættu nú að falla úr gildi, mundi það óhjákvæmilega hafa í för með sér hækkun á dýrtíðarvísitölu. Þykir því ekki verða hjá komizt að fá heimildina framlengda, svo sem lagt er til í frv.“